



Á TÓNLEIKUM SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS í kvöld mun Rumon Gamba stjórna hljómsveitinni í Geysi Jóns Leifs, Hnotubrjóti Tsajkovskíjs og Sinfóníu um franskan fjallasöng eftir Vincent d'Indy. Fransk-kanadíski píanóleikarinn Louis Lortie er einleikari kvöldsins í verki d'Indy.

Bækur ★★★★★

Milla

Kristín Ómarsdóttir

JPV-útgáfa 2012

## Punglyndislyf á þrjú hundruð síðum

Bók Kristínar Ómarsdóttur um Millu er mög lokkandi fyrir augað, silfrud og fjóluþlá á lit. Aðalsögupersónan er líka aðlaðandi manneskja, þótt hún sé þunglynd og hafi ekki alveg gert það upp við sig hvort hún vilji lífa mikið lengur.

Sögusviðið er Reykjavík á vordögum árið 2001. Milla er 21 árs gömul og starfar sem bókavörður. Hún er fengin til að sinna óvenjulegu skrásetningarverkefni fyrir hina velstæðu Ernu Amelíu Friðriksdóttur, en verkefnið ber heitið Safnið um hina venjulegu íslensku fjölskyldu í lok tuttugustu aldar. Milla vinnur verk sitt af kostgæfni þó að Erna Amelía reynist ætla henni stærra hlutverk en ráðgert var í fyrstu.

Það sem á huga söguhetjunnar allan er sambandið við Maríu. Það er ástríðufullt og yndislegt, en líka erfitt og þráhyggjukennt og það er ansi tvísýnt hvort Milla muni ná að halda ástinni sinni hjá sér. Hún leitir mikið til móður sinnar og er sífellt að skrifa ömmu sinni bréf, en fær af einhverjum ástæðum engin svör.

Margar skringifrásagnir af upplifunum Millu er að finna í bókinni og þær gera hana einkar skemmtilega aflestrar. Eins og alltaf í texta Kristínar Ómarsdóttur er einhver skratti í stílnum, sem kitlar hláturtaugarnar (og raunar ýmsar aðrar taugar í leiðinni). Munúðarfullar lýsingar á kynlífi og mat draga lesandann til sín:

María bitur í kókosbolluna, augnlokin víbra eða titra, varirnar verða blíðari en barns sem þekkir aðeins bragð brjóstamjólkur. Kókosbollar hverfur ofan í magann, varirnar skjálfa og lófar mínir nema skjálftann í iljunum, um líkama hennar fara kippir áður en hún opnar augun og grípur í fót minn. (14)

Eins og kókosbulluát sé ekki nægilega forboðið, þá taka Milla og ástkona hennar yfirvegaða ákvörðun um að byrja að reykja og bera sig æði nautnalega að því banvæna sporti, því „lífið verður að vera áhættunnar virði“.

Milla er þroskasaga ungrar stúlku sem reynir að finna sína fjöl. Hún glímur við ástina og þunglyndið, þá ólseigu fjára, en sinnir líka þeim mörgu hlutverkum sem lífið færir manni. Er starfsmaður, dóttir, barnabarn og vinkona þó að hún hafi ekki fyllilega ákveðið hvort hún vilji sinna þeim hlutverkum eða stytta sér leið út úr þessum heimi.

**Niðurstaða:** Skemmtileg, frumleg og fagurlega skrifuð. Bætur, hressir og kætur.



# Tala saman gegnum tónlist

Tónlistarhátíðin Sláturtíð 2012 stendur yfir þessa dagana og er frítt á alla fimm viðburði hennar.

Meðal atriða á Sláturtíð í ár eru samstarfs- og spunatónleikar Kristínar Þóru Haraldsdóttur víóluleikara, Charity Chan píanóleikara og Ragnhildar Gísladóttur söngkonu í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi klukkan átta í kvöld. Við náðum tveggja mínútna spjalli við Kristínu Þóru í gær áður en hún skaust inn í tíma að kenna og spurðum beint: „Hvað er það sem þið Ragga og Charity ætlið að fara að fremja í Listasafninu?“ „Hm, það sem ég get sagt er að við erum að hittast til að spila saman í fyrsta skipti. Við höfum allar unnið við tónlist og það sem við gerum einkennist mikið af spuna en það er hugmynd aðstandenda Sláturs að henda okkur saman í tónleika og heyra hvað gerist.“

Mikið eruð þið hugaðar, eru fyrstu viðbrögð blaðamanns við þessum tíðindum. „Já, en þegar fólk hittist finnur það sér sameiginlegan flöt og fer að spjalla – það sama gerist í tónlist, við hljótum að finna leið til að tala saman gegnum hana, eða við treystum því. Reyndar ætlum við að sjá hver framan í aðra í kvöld en erum ekki búnar að ákveða hvort við grípum í hljóðfærin.“

Kristín Þóra kveðst ekki vita hvort Ragga muni nota eitthvað annað en röddina sína en Charity noti hljóðfærið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt og það sama eigi við um hana sjálfa. „Stundum notum við líka önnur instrúment og raddirnar,“ segir hún. „En í þessu tilfelli veit ég bara að ég kem með sjálfa mig og víóluna.“



KRISTÍN ÞÓRA VÍÓLULEIKARI „Það er hugmynd aðstandenda Sláturs að henda okkur saman í tónleika og heyra hvað gerist,“ segir hún um spunatónleika sína, Charity Chan og Röggva Gísla í Hafnarhúsinu í kvöld.

Sláturtíð hófst í gær og stendur til laugardags. Tónleikarnir eru allir haldnir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur klukkan 20 en að auki verða sérstakir svefn-tónleikar aðfaranótt laugardags í Dansverkstæðinu, Skúlagötu

30 þar sem gestum er boðið að koma og upplifa tónlist í gegnum svefn og vöku frá miðnætti til morguns. Svo lýkur hátíðinni á kammerpartýstónleikum á laugardagskvöldið. Nánar á <http://slatur.is/slaturtid>. -gun

## Þriðja Goðheimabókin komin út



Bættu henni í safnið!



[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókabúð á netinu

## Tómur en fullur salur

Myndlist ★★★★★

Hafnarhúsið, Listasafn Reykjavíkur

HA

Sara Björnsdóttir – Sýningarstjóri Hanna Styrmsdóttir.

Titillinn HA er að ég best veit dreginn af fyrstu stöfunum í orðinu Hafnarhúsið, og ekki hugsaður með sérstaka aðra þýðingu, þó draga megji af honum ályktanir, sérstaklega ef maður leyfir sér að bæta t.d. upphrópunar- eða spurningarkerki við fyrir aftan.

Verkið, og rýmið, er hljóðlaust fyrir utan lágvært suð úr nýu skjá-vörpum sem sjá um að birta verkið á þremur veggjum salarins – myndbönd af rýminu sjálfu sem varpað er með handahófskenndum hætti á veggina.

Um er að ræða al-innsetningu. Verkið snýst um rýmið sem það er sýnt í og dregur þannig til sín hvert einasta mólekúl í salnum, áhorfandann líka, þegar hann er á svæðinu.

Síðasta verk af þessu tagi sem ég man eftir að hafa séð í þessu sama rými var verk Ólafs Elíassonar Frost Activity árið 2004, en þar tók verkið allt rýmið með sér og áhorfendur líka. Gólfíð var þá alsett stuðlabergsmynstri og loftið var einn stór spegill.

Rétt eins og nú voru engir listhlutir í rýminu og áhorfandinn gat reikað um salinn og upplifað verkið frá mismunandi sjónarhornum.

Annað dæmi um svona verk er verk breska Turner-verðlaunahafans Martins Creed, Verk nr. 227: The Lights Going On and Off, en verkið var nákvæmlega það sem titillinn gefur til kynna, að ljósið í



INNSETNING „Í innsetningu sem þessari er salurinn tómur, en samt fullur.“

rýminu, sem var tóm á öðru leyti, kviknaði og slökknadi á víxl.

Í innsetningu sem þessari er salurinn tómur, en samt fullur, og misbjagaðar myndirnar af rýminu í HA hafa skynræn og líkamleg áhrif á mann. Það er til dæmis ekki laust við að maður fái léttu sjóveikistilfinningu á stundum. Rýmið kallast í sífellu á við sjálf sig, oft líður manni eins og í speglasal þar sem spegill speglast í spegli. Þetta er afar stílhreint verk, eins konar nýttísku Op-verk.

Ef maður þekkir fyrri verk Söru af svipuðum toga þar sem hún kemur sjálf fram í gjörningi, þá er ekki laust við að maður sé alltaf ómeðvitað að búast við henni, eða öðrum manneskjum, að gægjast fram undan súlu eða innan úr skoti, og eiga þannig samskipti við áhorfandann og rýmið, þó maður viti fyrirfram að það er ekki raunin í þessu verki. Þjarveran spilar því rullu í upplifuninni.

Myndirnar í salnum í Hafnarhúsinu skekkjast og bjagast, rýmið kútveltist um sjálf sig þegar myndum

er kastað hverri ofan á aðra. Stundum er þetta eins og að vera staddur í gamalli svarthvítri film-noir bíómynd, enda er rýmið nær alveg svarthvítt og myndböndin þar af leiðandi líka.

Myndböndin virðast hafa verið tekin upp með gluggahlerana í salnum opna, til að leika með ljósið, en sýningin fer fram með hlerana lokada, sem er auðvitað praktískara. Hitt hefði þó hugsanlega náð að leika sterkar með tímaelementið í verkinu; erum við stödd í fortíð eða nútíð, í beinni útsendingu jafnvel, er verið að rugla okkur í rauntímaríminu...

Ef það var eitthvað sem truflaði sýningarupplifunina þá voru það súlurnar í salnum og tíðni myndbirtinganna, sem gerðu samt vissulega sitt í að auka á skynrænu áhrifin af verkinu.

Þóroddur Bjarnason

**Niðurstaða:** Stílhrein og falleg sýning sem á í samtali við áhorfandann og spilar á skynjun hans með margvíslegum hætti.